



Iðnaðarnefnd Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. nóvember 2007
Tilvísun: 2007110005
Bréfalykill: 50.13
Verknúmer: 1227010

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til raforkulaga 129. mál, neyðarsamstarf og fjárhæð eftirlitsgjalds.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 1. nóvember 2007, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til raforkulaga, 129. mál, neyðarsamstarf og fjárhæð eftirlitsgjalds.

Orkustofnun tekur undir breytingartillögur frv. varðandi neyðarsamstarf og fjárhæð eftirlitsgjalds.

Stofnunin telur brýnt að við breytingartillögu frv. um lækkun viðmiðunar varðandi skilgreiningu stórnotenda úr 14 MW í 8 MW bætist eftirfarandi breyting á 15. tl. 3. gr.:

Í stað orðanna: "með árlegum nýtingartíma 8.000 stundir eða meira" komi: "í a.m.k. 8.000 stundir á ári".

Breytingin felur í sér að í stað þess að nýtingartími stórnotenda sé miðaður við aflþörf þeirra, verði gerð krafa um lágmarksafl 8 MW í 8.000 stundir á ári. Þannig verður hjá því komist að stórnotendur sem fara niður fyrir almenna aflviðmiðun sína í takmarkaðan tíma falli utan skilgreiningar stórnotenda við það. Eins stuðlar breytingin að því að notendur, sem nota mjög mikið afl, en hafa breytilega aflþörf geti talist stórnotendur, enda fari þeir ekki undir viðmiðandi ákvæðisins, þ.e. aflþörf þeirra haldist yfir 8 MW í a.m.k. 8000 stundir á ári.

Dæmi er um stórnotanda héraðs, sem hefur á síðustu 17 árum 13 sinnum haft nýtingartíma undir 8.000 stundum, þar af aldrei verið yfir mörkum síðan ákvæði raforkulaga um nýtingartíma tók gildi 1. júlí 2004. Viðkomandi notandi notar afl frá 79 til 130 MW á ári. Annað dæmi er um stórnotanda, sem hefur frá upphafi 4 sinnum verið undir mörkum og 5 sinnum yfir. Hluti skýrist í því tilviki af uppbyggingartímabili. Sá notar afl frá 103 og upp í 382 MW. Í báðum tilvikum eru notendur því langt yfir kröfum um lágmarksafl.

Sú breyting, sem hér er lögð til, mun ekki hafa þau áhrif að nokkur núverandi notenda á Íslandi, sem ekki er þegar stórnotandi, geti færst yfir í hóp stórnotenda, en tryggir að stórir notendur falli ekki úr hópi stórnotenda skv. raforkulögum, þó tímabundin lækkun verði á aflþörf þeirra.

Orkustofnun leggur áherslu á nauðsyn þess að taka gildandi raforkulög til endurskoðunar

varðandi þætti eins og uppbyggingu gjaldskrár flutningsfyrirtækisi og dreifiveitna o.fl. Stofnunin telur þann mikla mun sem er á greiðslum fyrir flutning raforku eftir því hvort viðskiptavinir tengjast flutningskerfi beint eða um dreifiveitu óeðlilega mikinn og leggur til að unnar verði tillögur um að sá munur verði jafnaður út.

Orkustofnun telur einnig að gera þurfi breytingar á raforkulögum er varða hagkvæmni og einföldun, breytingar á tekjumörkum, samkeppniseflingu, öryggi o.fl. og leyfir sér að senda tillögur þar um sem fylgiskjal með umsögn þessari ásamt ósk um að tillögurnar verði teknar til skoðunar við tækifæri.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir

Fylgiskjöl:

Tillögur Orkustofnunar um breytingar á raforkulögum.



Lagabreytingartillögur161107.doc